

**Nd. 272. Breytingartillögur**

um frv. til laga um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Hannesi Jónssyni og Pétri Ottesen.

1. Við 1. gr.
  - a. 1. málsg. orðist svo:  
Ráðuneytinu er heimilt að stofna islenzkt happdrætti með þeim skilyrðum, er nú skal greina:
  - b. E-liður orðist svo:  
Ágóði happdrættisins skal til ársloka 1936 renna í rikissjóð upp í greiðslur vegna kreppuráðstafana.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Frá árslokum 1936 skal ágóðanum af happdrættinu varið til þess að að mynda sjóð, sem nefnist byggingarsjóður Íslands. Skal tekjum sjóðsins varið samkvæmt ákvæðum fjárlaga í hvert skipti til að reisa opinberar byggingar, eftir því sem til vinnst og þörf krefur.